

Mikilsverður gestur.

Góð frjett þótti mjer það, að von væri hingað til lands á jarðfræðingnum dr. Niels Nielsen, sem óhátt er að telja meðal mikilhæfustu náttúrufræðinga Dana nú, og þegar hefir tekið góðan þátt í rannsókn landsins. Birtist í fyrra eftir hann í ritum vísindafjelagsins danska, mikil ritgerð (Contributions to the Physiography of Iceland), sem er með því besta, sem ritað hefir verið um jarðfræði Íslands á síðari árum. En ekkert sýnir betur hina framúrskarandi hæfileika dr. Nielsens en það, hversu glögt auga hann hefir fyrir ýmsum athugunum, sem stinga mjög í stúfi við það, sem áður hafði verið ritð um jarðfræði Íslands, og þóttu á sínum tíma heldur ótrúlegar nýungar. En þeir vísindamenn, sem koma með eitthvað af því tagi, eru vanalega þannig staddir, að það hlýtur að vera þeim sjerstakt fagnaðarefnni, þegar fram kemur maður, sem hefir bæði vit og drengskap til að meta verk þeirra og greiða fyrir því að það verði síðari rannsóknurnum að fullum notum. Og þannig er ástatt um dr. Nielsen gagnvart mjer. Má t. d. nefna það að hann hefir í minningargrein um próf. Guðmund heitinn Bárðarson, þar sem hann, í sambandi við vísindastarf Guðmundar nefnir aðra íslenska jarðfræðinga, lát-

íð míni þannig getið: „Pjotruss, með Hensyn til det rent boglige Omfang beskedne, inen i systematisk videnskabelig. Henseende grundlæggende Arbejder om Íslands Opbygning, hvis bærende lære nu almindeligt anerkendes som rigtige“. 8. bd. af Meddelelser fra dansk geologisk Forening).

Par sem dr. Nielsen minnist á að ritgerðir mínar sjeu ekki fyrirferðarmiklar, má geta þess, að það virðist ennþá fremur sve, vegna þess, hve mjög þær eru dreifðar, — í nálægt 50 stöðum, að því er mig minnr — og eru að vísu margar þeirra ekki um jarðfræði. En satt er það, að gildi ritgerða er undir öðru meir komið en lengd þeirra. Jeg á t. d. 2 ritgerðir í helsta jarðfræðitímariti Bretta (Quarterly Journal of the geological Society of London) og eru háðar stuttar, en þó hvor um eisiz upphaf á nýum kapitula í jarðfræði Íslands.

Par sem til eru menn sem telja það maklegast, að högum mínum verði þannig háttar að gamalsaldri, að mjer sje sem óhlægast um verk sem mjer er mikill hugur á að geta unnið áður ævinni lýkur — bar á meðal nokkurt jarðfræðiverk — þá má geta því nærrí, að mjer þykir mikil koma til manns, sem eins og dr. Nielsen hefir vit til að sjá hið rjetta og drengskap til að þegja ekki yfir því, og að mjer er það full alvara, að óska þess að hinna miklu hæfileika hans megi sem mest fá að njóta við rannsókn lands vors.

14. apríl 1934.

Holgi Pjeturss.

Mbl. 26 apr. '34